

**Sp.**

**470. Nefndarálit**

**[42. mál]**

um frumv. til fjárlaga fyrir árið 1949.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Nefndin hefur ekki getað orðið sammála um afgreiðslu frumvarpsins og viljum við, sem minni hlutann skipum, gera grein fyrir afstöðu okkar í sérstöku álit, auk þeirra breytingartillagna, sem við flytjum á sérstöku þingskjali.

Hin síðari ár hafa fjárlög farið mjög hækkandi og það svo, að alvarlega horfir. T. d. voru rekstrarútgjöld ríkisins í fjárlögum 1946 tæpl. 127,5 millj. kr. En á fjárlagafrumvarpi því, sem hæstvirt ríkisstjórn lagði fyrir Alþingi fyrir árið 1949, nema rekstrarútgjöldin 243,8 millj. kr., eða nærri því helmingi hærri upphæð en 1946. Þegar um þetta er rætt opinberlega, er oftast reynt að kenna þetta eingöngu fjárfrekri löggjöf, er sett hafi verið á árunum 1944—1946. Víst er það rétt, að sú framfaralöggjöf, sem sett var á þessum árum, svo sem raforkulögin, lögin um almanna-tryggingar og lögin um landnám, nýbyggingar og endurbyggingar í sveitum, hefur lagt nokkrar byrðar á ríkissjóð. En þau útgjöld samanlögð nema þó aldrei nema nokkrum hluta þeirrar miklu útgjaldahækkunar, er hér um ræðir. Langmestur hluti þessarar miklu hækkunar stafar af öðrum ástæðum, og má þá aðallega nefna tvö atriði. Þau eru annars vegar úþensla í embættis- og starfsmannakerfi ríkisins og hins vegar hin mikla aukning dýrtíðarinnar, sem átt hefur sér stað síðustu árin og sífelld gleypir stærri og stærri upphæðir af tekjum ríkissjóðs í niðurgreiðslur og verðuppbætur.

Sem dæmi um vöxtinn í embættis- og skrifstofukerfinu má nefna 10. gr., þ. e. kostnaður við stjórnarráðið og utanríkismálin. Sá kostnaður var áætlaður í fjárlögum ársins 1946 3,7 millj., en á frumvarpi því, sem hér liggur fyrir, nærri 5,5 millj. króna, eða svo að segja þriðjungu hærri. Um útgjöldin í 11. gr., dómgæzla og lög-reglustjórn, opinbert eftirlit og kostnað við innheimtu tolla og skatta, má segja hið sama. Árið 1946 voru þessi útgjöld í fjárlögum 12 millj. 615 þús., en í þessu frumvarpi eru þau áætluð 19 millj. og 307 þús., eða fyllilega þriðjungu hærri. Þó er munurinn raunverulega enn þá meiri en þessar tölur sýna, því að á sumum liðum eru áætlaðar enn þá meiri tekjur, sem dregnar eru frá útgjöldum áður en heildarniðurstaðan er fengin. Þannig er til dæmis með fjárhagsráð og undirdeildir þess, sem samtals mun hafa kostað nokkuð í fjórðu milljón kr. Til þess að halda uppi þeim kostnaði eru áætlaðar tekjur af leyfisgjöldum, og er sá kostnaður því ekki innifalinn í niðurstöðutölum greinarinnar.

Hitt atriðið, sem áður var nefnt, að valdið hafi mestu um hækkun ríkisútgjalda-anna, þ. e. vöxtur dýrtíðarinnar síðustu árin, verður ljósast sýnt með því að benda á, hve útgjöld ríkissjóðs vegna niðurgreiðslu á vöruverði innan lands hafa vaxið gífurlega. Árið 1946 voru greiddar 16 millj. 245 þús. kr. úr ríkissjóði til að halda niðri verði á landbúnaðarvörum. Aðrar vörur voru ekki greiddar niður. En samkvæmt síðustu dýrtíðarlögum, er samþykkt voru í lok s. l. árs, skal nú stofna dýrtíðarsjóð og leggja í hann 74,6 millj. kr. af tekjum ríkisins. Af þessari upphæð mun gert ráð fyrir, að ekki minna en 50 millj. fari til að greiða niður vöruverð innanlands, bæði á erlendum og innlendum vörum. Þó hefur vísitalan verið bundin með lögum.

Til þess að vega að nokkru leyti upp á móti þessum útgjaldahækkunum, var í frumvarpi ríkisstjórnarinnar mjög gengið inn á þá braut að lækka framlög til verklegra framkvæmda og menningarmála. Þannig voru framlög til vega og brúargerða rúml. 4,5 millj. kr. lægri í frumv. en í fjárlögum s. l. árs. Framlög til nýrra raforkuframkvæmda einni millj. lægri og framlög til nýrra skólabygginga 2,5 millj. lægri. Nú leggur meiri hluti fjárveitinganefndar til að hækka vega- og brúarféð í sömu upphæð og áður, og sömuleiðis framlag til nýrra raforkuframkvæmda og erum við því fyllilega samþykkir. Til þess að mæta þessum hækkunum leggur nefndin til, að nokkur sparnaður verði gerður í embættiskerfinu. Í þessu höfum við einnig verið sammála meiri hlutanum í aðalatriðum og teljum, að á sumum sviðum hefði jafnvel mátt ganga lengra í þessa átt. Hins vegar hefur meiri hlutinn ekki viljað fallast á að hækka fjárveitingar til nýrra skólabygginga og sjúkrahúsa, þrátt fyrir þá miklu og aðkallandi þörf, sem er fyrir hendi á þeim sviðum. Þetta teljum við mjög varhuga-vert og flytjum því breytingartillögur um það.

Í lögum um fjárhagsráð, innflutningsverzlun og verðlagseftirlit frá 1947 er svo ákveðið, að innflutnings- og fjárfestingaráætlun hvers árs skuli liggja fyrir þegar fjárlög eru afgreidd, svo hægt sé að taka tillit til þeirra við afgreiðsluna. Samkvæmt ákvæðum gildandi laga skulu fjárlög afgreidd fyrir byrjun þess árs, sem þau eiga að gilda fyrir. Nú eru liðnir tveir og hálfur mánuður af árinu, en fjárlögin óafgreidd, og engin innflutnings- eða fjárfestingaráætlun fullbúin enn þá hendi fjárhagsráðs. Er þó hér um að ræða eitt aðalverkefni fjárhagsráðs, sem hefði þurft að vera fullleyst af hendi fyrir nokkrum mánuðum. Af þessu hlýtur að leiða ósamræmi og glundroða bæði hvað snertir þá liði tekjuáætlunarinnar, er byggjast á innflutningi, og ekki síður í fjárfestingu á sviði verklegra framkvæmda, þar sem fjárveitinganefnd og Alþingi verða að ákveða fjárframlög til þeirra án þess að nokkuð liggja fyrir um væntanlegar leyfisveitingar fjárhagsráðs til þeirra mála. Slíkt ósamræmi teljum við mjög alvarlegt og þurfi þetta fyrirkomulag gagngerðrar endurskoðunar við.

Af því, sem að framan er sagt, er ljóst, að við erum í ýmsum meginatriðum andvígir stefnu þessa fjárlagafrumvarps. Þó skal það tekið fram, að við erum sammála ýmsum breytingartillögum meiri hlutans og teljum þær til bóta, þótt aðrar séu hins vegar vafasamar og sumar til skaða. Í tillögum okkar leggjum við aðaláherslu á að draga ekki úr framlögum til menningarmála og atvinnuveganna, nema svo sem óhjákvæmilegt er.

Skal þá gerð grein fyrir hinum einstöku breytingartillögum.

### 3. gr.

Við þessa grein berum við fram tvær breytingartillögur. Hin fyrri að hækka framlagið til talstöðva í báta og skip úr 150 þús. kr. í 300 þús. og síðari að hækka framlag til loftskýtastöðva í skip úr kr. 100 þús. í 200 þús. Á síðasta árs fjárlögum voru veittar til þessara hluta 295 þús. og 200 þús. kr., og teljum við, að miðað við þá þörf, sem hér er fyrir hendi, og til að tryggja sæmilegt öryggi megi þessar upphæðir ekki vera lægri.

12. gr.

Við 12. gr. flytjum við tvær breytingartillögur. Í fyrsta lagi, að styrkur til lækni-  
bústaða, sjúkrahús- og sjúkrahúsbygginga, annarra en ríkis- og fjórðungssjúkra-  
húsa, verði ein millj. kr. í stað 500 þús., sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Þetta  
hefur meiri hluti fjárveitinganefndar ekki viljað fallast á. Þá leggjum við enn fremur  
til, að til sjúkrahúsbyggingar í Reykjavík verði veitt ein millj. kr. Meiri hluti nefnd-  
arinnar leggur hins vegar til, að sú upphæð verði 500 þús.

Á síðasta árs fjárlögum nam styrkur til þessara bygginga utan Reykjavíkur 800  
þús. kr. og var tvímælaust of lágur miðað við þörfina, og teljum við því sízt um of  
að ætla þá upphæð, sem við leggjum til. Og þörfin á nýju sjúkrahúsi í Reykjavík  
er svo brýn, að til stórvandræða mundi horfa, ef hættuleg drepsótt bærst hingað frá  
útlöndum, sem alltaf má búast við með þeim samgöngum við umheiminn, sem við  
höfum nú orðið.

14. gr.

Þá flytjum við tvær breytingartillögur við 14. gr. Er hin fyrri um að hækka styrk  
til byggingar nýrra barnaskóla úr 2 millj., sem frumv. gerir ráð fyrir, í 3,5 millj.,  
sem er sama upphæð og á síðustu fjárlögum. Samkvæmt skýrslum fræðslumálastjóra  
eru nú í smíðum eða var lokið á síðastliðnu ári 34 skólabyggingar og auk þess 10  
skólastjóraíbúðir. Til þess að ríkissjóður fullnægði lagalegri skyldu gagnvart þeim  
aðilum, er að þessum málum standa, mundi þurfa rúmar 8 millj. kr. Með þeim 2  
millj., sem frumv. gerir ráð fyrir, verður þeirri skyldu ekki fullnægt nema að einum  
fjórða hluta. Er því sýnilegt, að þótt tillaga okkar um 3,5 millj. verði samþykkt,  
verða þessi mál hvergi nærri leyst svo sem þörf er fyrir. Hins vegar höfum við ekki  
lagt í að flytja tillögu um hætti upphæð en s. l. ár, þar sem við teljum vonlaust, að  
slík tillaga næði samþykki.

Þá leggjum við einnig til, að framlagið til Íþróttasjóðs verði hækkað úr 500 þús.  
kr., sem er í frumv., í 700 þús., eða sömu upphæð og s. l. ár.

15. gr.

Við 15. gr. flytjum við eina breytingartillögu, að grunnstyrkur til skálda, rit-  
höfunda og listamanna verði 250 þús. kr. í stað 175 þús. í frumv. Meiri hluti nefndar-  
innar mun hins vegar leggja til, að þessi upphæð verði lækkuð í 125 þús.

16. gr.

Þá leggjum við til, að liðurinn til skurðgröfukaupa í 16. gr. verði hækkaður úr  
100 þús. kr. í 500 þús. kr. Enn þá eru nokkrar sýslur, sem engar skurðgröfur hafa  
fengið til afnota, og með einum 100 þús. kr. verður tæpast haldið við þeirri starfsemi  
vélasjóðs, sem nú er rekin, þar sem vélarnar slitna og verða dýrar mjög í rekstri  
eftir nokkurra ára starf.

19. gr.

Við 19. gr. flytjum við eina breytingartillögu, um að framlag til stuðnings báta-  
útveginum vegna veiðibrests á árinu 1948 verði hækkað úr 6 millj. í 10 millj. Sú stað-  
reynd liggur fyrir, að það fé, sem enn þá hefur verið greitt til þessara mála, nægir  
hvergi nærri til að leysa vandræði útvegsins, þ. e. sjóveðs- og lögveðskröfur af báta-  
flotanum, eins og lofað var þó í lögum um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveg-  
anna, er samþykkt voru í lok s. l. árs. Mun áreiðanlega ekki veita af 10 millj. kr. til  
að fullnægja ákvæðum laganna í þessu efni.

Alþingi, 16. marz 1949.

Ásmundur Sigurðsson, Lúðvík Jósefsson.  
frsm.